

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu í Hafnarfirði.

1. gr.

Félagsmálaráð Hafnarfjarðar fer með stjórn heimilisþjónustu í Hafnarfjarðarkaupstað í umboði bæjarstjórnar. Umsjón með framkvæmd þessara mála er í höndum félagsmálastjóra.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að útvega aðstoð á heimilum, aðra en hjúkrun. Þjónusta þessi stendur þeim til boða, sem þurfa á aðstoð að halda við heimilisstörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum að tilvísan læknis eða hjúkrunarkonu eða öðrum tilvísunum, sem félagsmálaráð metur gilda.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem félagsmálaráð metur að nauðsyn sé hverju sinni og ákveður hvaða form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð og umönnun við aldraða, sem ekki geta séð um sig sjálfir, í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur en ella í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel að koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

3. gr.

Félagsmálastjóri skal ganga úr skugga um að menn séu hæfir til starfsins og skulu þeir starfsmenn ganga fyrir um störf, sem lokið hafa tilskildum námskeiðum.

Starfsmenn skulu leggja fram heilbrigðisvottorð frá lækni og er skylt að undirgangast læknisskoðun og bólusetningar ef þess er talin þörf.

4. gr.

Starfsmenn heimilisþjónustu taka laun hjá Hafnarfjarðarkaupstað og skulu um launakjör gilda samningar milli Hafnarfjarðarbæjar og viðkomandi stéttarfélags. Starfsmönnum er óheimilt að þiggja greiðslu eða gjafir frá þeim sem fá aðstoð. Skylt er starfsmönnum að gæta þagmælsku um það, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

5. gr.

Sá sem heimilisþjónustu nýtur ber jafnframt fjárhagslega áhættu af því tjóni, er hann verður fyrir og starfsmaður er vinnur í hans þágu á vegum heimilisþjónustunnar kann að valda við störf sín.

6. gr.

Fyrir heimilishjálp skulu notendur greiða samkvæmt gjaldskrá, sem bæjarstjórn setur. Þar skal tekið tillit til tekna og aðstæðna viðkomandi og kostnaðar við hjálpinu.

Félagsmálaráð setur nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað sem máli skiptir í þessu efni.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

16. júní 1980.

Nr. 322.

G J A L D S K R Á

fyrir heimilisþjónustu í Hafnarfirði.

1. gr.

Ellilífeyrisþegar og öryrkjar, sem ekkert hafa sér til framfæris nema ellilífeyri, örorkubætur og tekjutryggingu, skulu ekki greiða fyrir veitta heimilishjálp.

Hafi fyrrnefndir aðilar eftirlaun eða aðrar tekjur, skulu þeir endurgreiða að $\frac{1}{3}$ útlagðan launakostnað fyrir veitta heimilisaðstoð.

2. gr.

Í veikindatilfellum einstaklings um stundarsakir, skal hann greiða fyrir veitta heimilishjálp að $\frac{1}{2}$ fyrstu 11 dagana.

Að þeim tíma liðnum, þegar almennur réttur til sjúkradagpeninga frá sjúkrasamlagi stofnast, skal viðkomandi greiða heimilishjálp að fullu.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júní 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

25. júní 1980.

Nr. 323.

R E G L U G E R Ð

um úthlutun olíustyrks.

1. gr.

Viðskiptaráðuneytið úthlutar fjárhæð þeirri, sem hverju sinni er varið í fjárlögum til olíustyrks, sbr. II. kafla laga nr. 53 28. maí 1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

2. gr.

Þeir einstaklingar sem eingöngu nota gasolíu sem orkugjafa til hitunar íbúðar eiga rétt á olíustyrk.